



## ÞRIÐJA STOÐIN

### **Tilboð til stjórnvalda um að upplýsingatækni verði meginstoð í verðmætasköpun og gjaldeyristekjum Íslands árið 2010**

Tilboð til stjórnvalda um að tífalda gjaldeyristekjur af upplýsingatækni á næstu sex árum, úr **4 milljörðum í 40 milljarða**. Fjölga þarf starfsfólki til muna eða **um 3000 störf**, þar af **allt að 2000 ný störf**. Gangi það eftir eykst **verðmætasköpun** greinarinnar verulega.

Markmiðið er að auka **sölu staðlaðra hugbúnaðarlausna** sem íslensk fyrirtæki hafa þróað og munu þróa í framtíðinni og **stórauka hýsingu hér á landi** á upplýsingakerfum fyrir erlenda aðila.

Forsenda þess að markmiðin náist er að **íslensk stjórnvöld hrindi í framkvæmd** skilgreindum verkefnum sem snúa að **skattamálum, útflutningi, stefnumörkun og samstarfi**.

Samkvæmt tilboðinu er áætlað að **jákvætt fjárflæði fyrir ríkið nemi um 3 milljörðum kr.** **Nettó skatttekjur eru áætlaðar um 5 milljarðar kr. og fjárfesting er áætluð um 2 milljarðar kr.**

**Tilboð afhent iðnaðar- og viðskiptaráðherra  
á Iðnþingi þann 18. mars 2005**

**Samtök upplýsingatæknifyrirtækja**

## Samantekt

- Ísland stendur á tímamótum með tilliti til uppbyggingar efnahagslífs þjóðarinnar. Ljóst er að hefðbundnar atvinnugreinar, sem hafa verið undirstaða bættra lífskjara í landinu, munu í framtíðinni ekki standa einar undir þeim lífsgæðum sem krafist er í nútímasamfélagi.
- Nýleg könnun meðal íslensku þjóðarinnar sýnir mikinn stuðning hennar við þekkingariðnaðinn á Íslandi og er um leið áskorun um stórfellda uppbyggingu þessarar greinar atvinnulífsins. Í nágrannalöndum okkar er upplýsingatækni lykilgrein í uppbyggingu þekkingariðnaðar.
- Án mjög umfangsmikillar uppbyggingar þekkingariðnaðar hér á landi má gera ráð fyrir stórfelldu atvinnuleysi og/eða brottflutningi menntaðs vinnuafis frá Íslandi. Til að koma í veg fyrir það þarf að búa því fólki starfsskilyrði eins og þau gerast best í heiminum þar sem alþjóðavæðingin togar í hæfasta fólkið sem flytur þangað sem tækifærin er að finna.
- Nýleg skýrsla um hátækniðnað, sem unnin var í samvinnu Samtaka iðnaðarins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja, staðfestir að þróun í uppbyggingu hátækniðnaðar hefur ekki orðið jafn hröð hér á landi og annars staðar. Niðurstöður skýrslunnar styðja þá skoðun að bregðast verði við strax ef við ætlum ekki að eiga á hættu að verða undir í samkeppni þjóða.
- Stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið leggur til skýr markmið þar sem stefnt er að öflugri og markvissri notkun upplýsingatækni og eflingu upplýsingatækni- og þekkingariðnaðar á Íslandi.
- Stórauka þarf vægi þekkingariðnaðarinnar innan hagkerfisins og útflutning afurða hans ef markmið um framtíðarhagsæld og fjölgun starfa í greininni eiga að nást. Slíkt verður ekki gert án öflugrar uppbyggingar upplýsingatækninnar sem lykilgreinar þekkingariðnaðarinnar.
- Samtök upplýsingatæknifyrirtækja gera stjórnvöldum tilboð sem miðar að ofangreindum markmiðum með einföldum og skýrum hætti. Meginmarkmið í því tilboði er að tífalda gjaldeyristekjur af hugbúnaðarlausnum fram til ársins 2010 þannig að þær nemi þá 40 milljörðum króna. Samhliða er áætlað að störfum í greininni muni fjölga um 3000, þar af um 2000 ný störf. Hagvöxtur greinarinnar mun aukast verulaga.
- Tilboðið leggur til einfalda leið að þessu markmiði með því að skilgreina fjögur verkefni sem leysa þarf í nánu samstarfi ýmissa aðila og skapa fulla samstöðu greinarinnar og stjórnvalda um að leysa verkefnið sem snúa að starfsskilyrðum fyrirtækjanna. Markviss mælanlegur árangur gegnir þar lykilhlutverki.

## **Bakgrunnur og yfirlit tilboðs**

Íslendingar standa á tímamótum með tilliti til uppbyggingar efnahagslífs þjóðarinnar. Ljóst er að hefðbundnar atvinnugreinar, sem hafa verið undirstaða bættra lífskjara, munu ekki í framtíðinni standa einar undir þeim lífsgæðum sem íbúar samfélaga í fremstu röð krefjast.

Nauðsynlegt er að bregðast strax við af öryggi og festu og skjóta traustum stöðum undir atvinnugreinar sem stuðla munu að auknum hagvexti og lífsgæðum á Íslandi.

### **Nýjar atvinnugreinar tryggja framtíð þjóðarinnar**

Afkoma okkar í framtíðinni byggist á traustum undirstöðuatvinnuvegum. Í nágrannalöndunum, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Írlandi til dæmis, hafa nýjar atvinnugreinar skapað fjölbreytt hálaunastörf vel menntaðs fólks og orðið meginstöðir atvinnusköpunar og aukinnar velmegunar.

Ástæða hins öra framgangs upplýsingatækniiðnaðar í þessum löndum er ekki síst að þakka öflugum stuðningi stjórnvalda sem byggist á framsýni og skilningi á þeirri auðlind sem býr í fólkinu sjálfu. Hér á landi hefur þessi þróun ekki verið jafn ör og áherslan frekar verið lögð á að nýta náttúrulegar auðlindir, gjöful fiskimið og orkulindir til að byggja upp atvinnulífið.

Íslensk fyrirtæki eru í auknum mæli farin að keppa um hæft fólk við erlend fyrirtæki sem reyna að laða til sín hæfasta fólkið. Við megum því alls ekki verða eftirbátar erlendra keppinauta í því að hlúa að fyrirtækjum í þessari grein og skapa hér starfsskilyrði eins og þau gerast best. Nýleg skýrsla um hátækniiðnað á Íslandi, sem unnin var í samvinnu Samtaka iðnaðarins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja staðfestir þessa þróun.

Íslendingar geta, með sama hætti og nágrannaþjóðirnar, byggt upp og margfaldað auðlegð sína á grundvelli upplýsingatækni. Með því móti fetum við í fótspor þeirra þannig að til verði stöð sem verður jafn traust ef ekki traustari en þær tvær meginstöðir sem fyrir eru, sjávarútvegur og nýting raforku.

### **Átak er nauðsynlegt**

Að mati Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja er nauðsynlegt að gera strax öflugt átak áður en það verður um seinan. Átakið felst í að vinna upp forskot nágrannaþjóða okkar við uppbyggingu upplýsingatækniiðnaðar og ná drjúgum skerfi í sístækkandi markaði fyrir upplýsingatæknilausnir og skapa ný störf. Eftir miklu er að slægjast. Alþjóðabankinn spáir að viðskipti með upplýsingatækni geti numið um 30% af heimsviðskiptum ef horft er til næstu 10-20 ára.

Samtökin telja að nái þau markmið fram að ganga sem hér eru sett fram sé mikilvægum áfanga náð við uppbyggingu þriðju stöðarinnar sem forsendu fyrir að viðhalda og auka hagvöxt og bæta lífskjör þjóðarinnar.

Samtök upplýsingatæknifyrirtækja gera stjórnvöldum tilboð sem byggist á ítarlegri og víðtækri athugun í þessu efni. Þessu til stuðnings er aftur vísað til nýrrar skýrslu um hátækniiðnað á Íslandi, Norðurlöndum og Írlandi þar sem gerð er grein fyrir uppbyggingu og stöðu greinarinnar í þeim löndum.

## Aðgerðir

Þær aðgerðir sem kallað er eftir að hálfu stjórnvalda hafa verið skilgreindar í fjórum verkefnum.

Verkefnin miða að stóreflingu upplýsingatækniðnaðar á næstu árum og falla vel að stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið frá 2003 og 1996 en þar kemur fram meðal annars að:

- Unnið verði að uppbyggingu upplýsingatækni- og þekkingariðnaðar, m.a. með tilraunaverkefnum og samstarfsverkefnum opinberra aðila og fyrirtækja við þróun nýrra lausna. Áhersla verði lögð á þau verkefnasvið sem Íslendingar hafa góða sérþekkingu á. (*Auðlindir í allra þágu – Stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004-2007*)
- Upplýsingatækni verði nýtt til að styrkja atvinnulíf, skapa ný atvinnutækifæri, örva nýsköpun og uppbyggingu sprotafyrirtækja. (*Auðlindir í allra þágu – Stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004-2007*)
- Stuðla þarf að uppbyggingu öflugs upplýsingaiðnaðar, m.a. með það að markmiði að útflutningur á íslensku hugviti verði arðbær atvinnugrein. (*Úr framtíðarsýn íslensku ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 1996*)

Upplýsingatækniðnaðurinn hefur styrkst á undanförunum misserum í kjölfar erfiðra tíma undir lok síðustu aldamóta. Samþjöppun hefur átt sér stað og sterk fyrirtæki hafa orðið til. Mikil samstaða er innan greinarinnar þar sem kraftar hennar standa til boða til frekari afreka.

Samtök upplýsingatækniyrirtækja vænta þess að yfirvöld taki áskoruninni af fullri alvöru og íhugi vandlega þau miklu tækifæri sem felast í tilboðinu.

## Tilboðið

Tilboðið um þriðju stoðina er að tífalda gjaldeyristekjur af upplýsingatækni á næstu sex árum eða úr **4 milljörðum króna** árið 2004 í **40 milljarða króna árið 2010**. Samhliða þessu markmiði mun starfsfólki í greininni fjölga verulega. Áætluð fjölgun er **um 3000 störf** og þar er **um 2000 ný störf**. Það sem uppá vantar er áætlað að komi til vegna **tilfærslu 1000 starfa** vegna ákveðinna aðgerða í tengslum við verkefnið. Náist þessi markmið mun vægi greinarinnar í **verðmætasköpun** þjóðarinnar aukast verulega.

Samtökin sjá þetta gerast með aukinni **framleiðslu og sölu staðlaðra hugbúnaðarlausna** sem íslensk fyrirtæki hafa þróað nú þegar og sem verið er að þróa. Þessu tengdu munu þjónustutekjur aukast. Einnig sjá samtökin fram á mikla **aukningu í hýsingu upplýsingakerfa fyrir erlenda aðila** á Íslandi.

Forsenda þess að markmið þriðju stoðarinnar náist er að **íslensk stjórnvöld hrindi í framkvæmd** verkefnum sem skilgreind eru í tilboðinu og snúa að **skattamálum, útflutningi, stefnumörkun og samstarfi**.

## Forsendur árangurs

Tillögur að átaksverkefnum snúa að breytingum sem snerta starfsumhverfi fyrirtækjanna og eru um leið forsenda þess að meginmarkmið verkefnisins um þriðju stoðina náist. Nokkrar af tillögnum, sem lagðar eru fram, taka mið af fyrirkomulagi sem hefur verið komið á, með góðum árangri, í löndum eins og Ástralíu, Kanada og Írlandi.

Við rekstur hvers verkefnis er mikil áhersla lögð á að sett verði mælanleg viðmið sem eru nákvæmlega tímasett til að unnt sé að meta árangur við vinnslu hvers verkefnis á framkvæmdatíma þess. Í kafla um verkefnisstjórnun hér á eftir er nánar fjallað um þá þætti.

Hér á eftir eru verkefnin sett fram í fjórum verkefnaflokkum þar sem tilgangi og markmiði hvers verkefnis er lýst stuttlega og gerðar tillögur að lausn.

### Verkefni:

1.	Skattamál	
<b>Heiti verkefnis:</b>	<b>Tilgangur og markmið:</b>	<b>Tillögur að lausn:</b>
<b>Vsk málið</b>	<p>Vsk málið hefur verið eitt aðal hagsmunamál upplýsingatæknifyrirtækja til fjölda ára. Samkeppnisstaða þeirra er mjög ójöfn þar sem tilhneiging opinberra aðila hefur verið sú að byggja upp eigin upplýsingatæknideildir vegna skattalegra aðstæðna. Með lausn vsk málsins geta fyrirtækin keppt á jafnréttisgrundvelli um verkefni innan opinberra deilda sem um leið yrði hvati við þróun lausna sem hægt væri að bjóða sem útflutningsvörur og þjónustu. Segja má að lausn vsk málsins sé forsenda allra annarra verkefna þriðju stoðarinnar.</p> <p>Ríkisskattstjóri hefur staðfest að greiða beri virðisaukaskatt af vinnu sérfræðinga innan opinberra stofnana, þar með talið tölvunarfræðinga. Ríkisskattstjóri þarf að samþykkja að rekstur stoðkerfa og uppsetning vélbúnaðar, sem innt er af hendi innan deilda hjá opinberum aðilum, teljist í samkeppni við fyrirtæki á einkamarkaði. Samkeppnisstaða fyrirtækja, sem veita tölvu- og rekstrarþjónusta, eins og hýsingu, er stórlega skert en slík þjónusta hefur aukist mikið undanfarin ár og starfssvið tölvunarfræðinga er því í auknum mæli á þessu sviði tölvuþjónustu.</p>	<p>RSK staðfesti að starfssvið tölvunarfræðinga nái yfir tölvu- og rekstrarþjónustu og að slík þjónusta teljist þar með í samkeppni við einkafyrirtæki.</p>
<b>Gjaldfærsla rannsókn- og þróunar- kostnaðar og skattaafsláttur vegna R&amp;B- og markaðs- kostnaðar erlendis</b>	<p>Nauðsynlegt er að efla rannsókn- og þróunarstarf ekki síst með beinni þátttöku fyrirtækjanna sjálfra. Veik eiginfjárstaða flestra þeirra kallar á skattalegar ívilnanir svo aðhægt sé að auka R&amp;B starf sem mundi styrkja verulega og auka markaðssetningu og þróun lausna sem unnið er að innan fyrirtækjanna.</p> <p>Koma þarf upp skattalegu hagræði sem felst í auka-gjaldfærslu vegna markaðs, rannsókn- og þróunarstarfs fyrirækjanna. Þótt ætla megi að slík ráðstöfun leiði til nokkru minni skatttekna ríkissjóðs til skamms tíma litið má fullyrða að skatttekjurnar aukast þegar til lengri tíma er litið. Markmiðið er að gera jafn vel eða betur en samkeppnisþjóðir okkar gera í þessum eignum.</p>	<p>Aukin verði heimild til frádráttar þróunar- og markaðskostnaðar t.d. í 133% og lækka þannig tekjuskatt. Heimild verði gefin til að lækka launaskatta á starfsmenn sem stunda rannsókn- þróunarstörf og markaðs- og sölustörf erlendis á árunum 2006 til 2010. Endurskoða þarf gamlar tillögur í þessum eignum og taka mið af hvað gert hefur verið fyrir stóriðju og</p>

		kvikmyndaiðnaðinn og kannu með hvaða hætti slíkum aðgerðum er beitt í öðrum löndum.
--	--	---

<b>2. Aðgerðir fyrir útflutning</b>		
<b>Heiti verkefnis:</b>	<b>Tilgangur og markmið:</b>	<b>Tillögur að lausn:</b>
<b>Forgangsröðun upplýsingatækni hjá stuðningsumhverfi</b>	<p>Oft má nýta upplýsingatækni við lausn verkefna með ódýrari hætti en gert hefur verið til þessa. Þetta getur átt við á fjölmörgum sviðum eins og t.d. í opinberri stjórnsýslu, heilbrigðisgreinum, menntakerfi og víðar.</p> <p>Ef markmið þriðju stoðarinnar eiga að nást er mikilvægt að upplýsingatækniinnáður njóti tiltekins forgangs hjá stuðningsumhverfi við útrás atvinnulífsins. Færa þarf til það fjármagn sem varið er til þessara aðila og veita því til verkefna fyrir útrás upplýsingatækniinnáðar. Nauðsynlegt er að skilgreina mælistikur svo að hægt sé að bera árangur saman við það sem best gerist.</p>	<p>1/3 af starfsemi stuðningsumhverfis útflutningsmála á Íslandi (t.d. Útflutningsráð og UTR) verði eyrnamerkur greininni í 3 - 4 ár. Starfsemin verði eflað og fjármunir færðir til til fjárfestingar í útrás á upplýsingatækni frá Íslandi. Fjórir verkefnastjórar verði ráðnir til ÚÍ og UTR sem hafi skýrt ábyrgðarsvið til að fylgja eftir tilteknum markmiðum sem reglulega verði mæld.</p>
<b>Þróunarstyrkir nýttir fyrir upplýsingatækni-verkefni</b>	<p>Nauðsyn er að byggja upp sjóði til að endurheimta fjármagn sem íslensk stjórnvöld leggja til þróunarverkefna þannig að reynsla og þekking byggist upp hjá íslenskum fyrirtækjum.</p> <p>Norðurlönd leggja til mikið fjármagn til þróunaraðstoðar til að alþjóðleg markmið þar um nái fram að ganga. Framlagið snýr að því að uppfylla markmið um þróunaraðstoð en um leið að styðja við uppbyggingu atvinnulífs. Sem dæmi má nefna að Norðmenn hafa samhlíða framlagi sínu til sjóða EFTA og annarra stofnana sett upp annan sjóð sem nýtist þannig að ef ríki sækja um þróunaraðstoð er boðið mótframlag úr þessum nýja sjóði til verkefna á sviði upplýsingatækni ef þau eru unnin á vegum norskra fyrirtækja. Þannig myndast hvati fyrir þá sem njóta styrkjanna til að kaupa norskar lausnir og vörur. Íslendingar ættu að gera þetta líka til að framlögin nýtist með tvennum hætti, til að auka framlög til þróunarmála og byggja upp reynslu og þekkingu innan íslenskra fyrirtækja. Reikna má að með þessu sé hægt að ná til baka mun meira fé en lagt er til þessa málaflökks.</p>	<p>Settur verði einn milljarður í "innviða" þróunarsjóð í anda þess sem Norðmenn gera. Sjóðnum verði komið á árið 2006 og greitt úr honum á árunum 2006-2010.</p>
<b>Maður á móti manni við erlenda markaðssetningu</b>	<p>Mikilvæg forsenda þess að verkefnið um þriðju stoðina verði að veruleika er að hægt sé að hraða til muna útflutningi upplýsingatækniyfirtækja. Flest vinna nú að áætlunum sem gera ráð fyrir verulegum fjárfestingum í erlendu markaðsstarfi. Komið verði á fót stuðningskerfi vegna erlendar markaðssetningar - svokölluðu „maður á móti manni“ á nýja markaði. Þá er átt við að fyrir hvern markaðsmann, sem fyrirtækin ráða til sín, leggur ríkið til annan á móti. Verkefnið maður á móti manni miðar að því að auka söluna allt að tvöfalt hraðar en ella hefði orðið.</p> <p>Um er að ræða tiltekinn fjölda starfsmanna sem ráðnir væru að verkefninu í samvinnu SUT og stjórnvalda og</p>	<p>Gerð verði áætlun um að ráða 45 starfsmenn vegna þessa verkefnis á árunum 2006 – 2010 (15 árið 2006, 15 árið 2007, 15 árið 2008). Tillaga er um að hver starfsmaður verði ráðinn til tveggja ára.</p>

	fyrirtækin þyrftu að sækja um skv. úthlutunarreglum. Forsendur eru þær að fyrirtækin sýni fram á verulega uppbyggingu í markaðsstarfi og fjárfesti í verkefninu umfram það sem ríkið gerir. Með þessu er lögð rík áhersla á að efla sölu- og markaðssetningu sem er ein veigamesta forsenda þess að markmiðum þriðju stoðarinnar náist. Fyrirmyndin er sótt til Ástralíu þar sem slíku kerfi hefur verið beitt með góðum árangri.	
<b>Lækkun fjarskiptakostnaðar til og frá Íslandi</b>	Fjarskiptakostnaður má ekki standa í vegi fyrir að erlendir aðilar hýsi gögn og kerfi á Íslandi. Nú er þessi kostnaður hrein viðbótarkostnaður fyrir þau fyrirtæki sem vilja staðsetja kerfi og gögn á Íslandi borið saman við keppinauta á meginlandi Evrópu.	Fjarskiptakostnaður fyrirtækja, sem vilja hýsa gögn og kerfi á Íslandi og þurfa meiri bandbreidd en 500 Mbps/sek, verður niðurgreiddur um 75% af kostnaðarverði af hálfu ríkisins allt til ársins 2010

<b>3.</b>	<b>Samstarf um þróun og fjárfestingu erlendra aðila</b>	
<b>Heiti verkefnis:</b>	<b>Tilgangur og markmið:</b>	<b>Tillögur að lausn:</b>
<b>Þróunarsetur háskóla, stjórnvalda og UT fyrirtækja í upplýsingatækni</b>	<p>Á Íslandi er áhugavert umhverfi fyrir rannsóknir, þróun og þróun upplýsingatæknilausna. Erlendir aðilar hafa gert sér grein fyrir styrkleikum hér á landi í tengslum við t.d. að notkun Netsins sé með því mesta sem þekkt, tölvueign almenn og mikill áhugi á að nýta það sem fremst er á hverjum tíma í upplýsingatækni. Sömu aðilar hafa sýnt því áhuga á að koma hingað til lands með hluta af sinni þróun ef skapaður verður réttur vettvangur til þess. Þeir hafa bent á að það verði best gert í samstarfi upplýsingatækniyrirtækja, háskóla og stjórnvalda.</p> <p>Sett verði á fót þróunarsetur í upplýsingatækni í samsarfi íslenskra og erlendra fyrirtækja í upplýsingatækni, háskóla, og stjórnvalda. Unnið verði að rannsóknum og þróun á lausnum í upplýsingatækni sem sækir sérstöðu í íslenskt umhverfi. Skilgreind verði nokkur lykilsvið stærri upplýsingakerfa, sem samsvara þörfum á alþjóðamarkaði, fyrir stórnotendur hér á landi. Koma þarf á virku samstarfi við helstu notendur kerfanna í samræmi við kröfur til slíkra kerfa.</p>	<p>Komið verði upp sameiginlegum vettvangi fyrirtækja, háskóla og stjórnvalda sem hafi það að markmiði að ná samstarfi við erlend upplýsingatækniyrirtæki um þróunarstarf.</p> <p>Áhersla verði lögð á þróun upplýsingatæknilausna þar sem íslenskt umhverfi verði nýtt til þróunar og þróunar.</p>

<b>4.</b>	<b>Stefnumörkun og uppbygging innan ríkisins</b>	
<b>Heiti verkefnis:</b>	<b>Tilgangur og markmið:</b>	<b>Tillögur að lausn:</b>
<b>Allar opinberar tölvudeildir verði lagðar niður og starfsemin boðin út eða samið beint við einkafyrirtæki á markaðnum</b>	<p>Ná þarf aukinni hagræðingu í rekstri upplýsingatækni-kerfa hjá opinberum aðilum. Upplýsingatækni-kerfi innan opinberra stofnana og fyrirtækja ættu alfarið að vinna á vegum einkafyrirtækja en það stuðlaði að öflugri uppbyggingu fyrirtækjanna og yrði um leið mikill hvati til að próa lausnir sem eiga erindi á erlenda markaði.</p> <p>Þekkt er að uppbygging ríkisins á sviði hugbúnaðardeilda og við rekstur tölu-kerfa leiðir ekki til þess virðisauka, sem getur átt sér stað, sé þróunin á hendi einkafyrirtækja sem þróa lausnir og vörur fyrir erlenda markaði. Hins vegar eru verkefni, sem unnin eru í samstarfi við ríkistofnanir, oft lykll að mörgum</p>	<p>Bann verði lagt við því að opinberir aðilar byggi upp og þrói upplýsingadeildir.</p> <p>Unnið verði í sameiningu yfirlit yfir opinberar stofnanir og tölvudeildir þeirra með það að markmiði að</p>

	<p>verðmætustu lausnunum sem fluttar eru út frá Íslandi. Uppbygging tölvudeilda innan ríkisfyrirtækja og stofnana vinnur beinlínis gegn nýsköpun og er í raun ógnun við uppbyggingu upplýsingatækniíðnaðarins. Ríkjandi fyrirkomulag er oft á tíðum aðferð til að leynd kostnaði við þróun þar sem hann er ekki sýnilegur. Markmiðið er að allar upplýsingatæknideildir opinberra aðila verði færðar til einkafyrirtækja með útboðum um yfirtöku verkefna og skapa þannig grunn að nýsköpun og útrás.</p>	<p>skilgreina heppilega yfirfærslu til einkafyrirtækja.</p>
<p><b>Notkun upplýsingatækni við lausn verkefna hjá opinberum aðilum verði sett í forgang</b></p>	<p>Í samræmi við stefnu um upplýsingasamfélagið þurfa stjórnvöld að veita notkun upplýsingatækni innan opinberra stofnana og fyrirtækja enn meiri forgang til að ná fram aukinni hagræðingu í rekstri þeirra. Ríkið á að vera öflugur kaupandi og kröfuharður notandi lausnanna án þess að standa sjálft í þróun þeirra .</p>	<p>Auka fjármagn við innleiðingu upplýsingatækni-lausna um 25 milljónir á ári á verkefnistíma.</p>
<p><b>Afnema ásælni ríkisins í höfundarrétt og gera átak í einkaleyfamálum upplýsingatækni</b></p>	<p>Krafa um eignarrétt hugbúnaðar, sem t.d. er oft sett fram í útboðum, er með öllu óásættanleg þar sem í raun er farið fram á framsal höfundarréttar. Veigamikil forsenda upplýsingatækni-fyrirtækja er að þau hafi fullkominn yfirráðarétt yfir hugbúnaði sínum, þekkingu og lausnum.</p> <p>Umsóknir um einkaleyfi á sviði upplýsingatækni eru mjög fátíðar hér á landi og í raun er þekking á því sviði af skornum skammti. Forsenda öflugs þekkingariðnaðar er stórauðknar umsóknir einkaleyfa. Fjölga þarf til muna umsóknum um einkaleyfi þar sem þau eru ein meginfor-senda verðmætasköpunar upplýsingatækniíðnaðar í framtíðinni.</p> <p>Þekkingaruppbygging á einkaleyfamálum og ferli umsókna þeirra er dýr fjárfesting en mjög nauðsynleg fyrir greinina. Setja þarf upp vettvang til að aðstoða fyrirtæki í þessum málum þar sem þessi vinna er fjárfrek og ekki á færi allra fyrirtækja að fjármagna.</p>	<p>Með lögum eða reglugerð séu tekin af öllum tvímæli um að ríkið sé ekki eigandi höfundarréttar hugbúnaðar og ásælist hann ekki og að óheimilt sé að setja inn slík ákvæði í útboð.</p> <p>Gert verði sameiginlegt átak til að koma á fót sérhæfðri þjónustu á sviði einkaleyfa umsókna og varna.</p>

## Drög að fjárflæði verkefnisins – fjárhæðir

Samtökin hafa látið reikna út hugsanlegan fjárhagslegan ávinning ríkisins af tilboðinu um Þriðju stoðina. Að sjálfsgöðu getur verið erfitt að reikna út nákvæmt fjárstreymi í verkefni sem þessu þar sem ýmsir óvissuþættir geta haft þar áhrif. Þær forsendur, sem ávinningurinn byggist á, er brotinn niður hér á eftir en þar er um að ræða markmið eða áætlun um auknar gjaldeyristekjur, fjölgun starfa, veltu, hagnað og fjárfestingu upplýsingatæknigreinarinnar.

Einnig er sett fram áætlun um auknar skatttekjur og útgjöld eða fjárfestingu ríkisins vegna verkefna tilboðsins.

Áætlunin er háð því að allar forsendur tilboðsins nái fram að ganga.

**Tafla 1** sýnir markmið tilboðsins um aukningu gjaldeyristekna og fjölgun starfa.

**Tafla 2** sýnir áætlaða veltu og hagnað upplýsingatæknigreinarinnar.

**Tafla 3** sýnir áætlun um heildarfjárfestingu upplýsingatæknigreinarinnar.

**Í töflu 4** kemur fram áætlun um nettó skatttekjur ríkisins vegna Þriðju stoðarinnar.

**Tafla 5** sýnir áætlun um heildarfjárfestingu ríkisins vegna Þriðju stoðarinnar.

**Fjárhagslegur ávinningur ríkisins í heild vegna Þriðju stoðarinnar er áætlaður um 3 milljarðar króna.**

### Markmið tilboðsins:

Meginmarkmið tilboðsins er að fram til ársins 2010 aukist gjaldeyristekjur af upplýsingatækni í **40 milljarða króna** og störfum í greininni fjölgi um **3000** þar af **2000 ný störf**.

Markmið Þriðju stoðarinnar							
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Gjaldeyristekjur (millj. kr.)	4.000	5.800	8.600	12.600	18.500	27.300	40.000
Störf	2.100	2.400	2.800	3.300	3.800	4.400	5.000

### Áætlun um veltu og hagnað upplýsingatæknigreinarinnar:

Áætlað er að velta upplýsingatæknigreinarinnar verði um **74 milljarðar** árið 2010 og heildarhagnaður á líftíma verkefnisins verði um **36 milljarðar** króna.

Áætluð velta og hagnaður UT greinarinnar í milljónum kr.							
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Velta	21.000	25.000	31.000	38.000	48.000	60.000	74.000
Hagnaður	(1000)	1.900	3.300	4.700	6.100	8.900	11.100

## Áætlun um fjárfestingu upplýsingatæknigreinarinnar:

Ef markmið um tífoldun útflutningstekna vegna upplýsingatækni frá Íslandi á að verða að veruleika er ljóst að upplýsingatæknigreinin þarf að eflast mikið með aukinni fjárfestingu í innri uppbyggingu.

Auka þarf eigið fé fyrirtækjanna verulega og áætluð heildarfjárfesting greinarinnar er u.þ.b. 16 milljarðar króna til að standa undir auknum starfsmannakostnaði og uppbyggingu erlendis. Reiknað er með að hluti þessa fjár haldist innan greinarinnar t.d. með skattalegum aðgerðum (um 2.000 millj. kr.) og einnig í formi verkefna sem tengjast samstarfsverkefnum og þróunarmálum (um 1.000 millj. kr.). Það sem á vantar þarf að tryggja með jákvæðu fjárstreymi frá rekstri, sölu á nýju hlutafé eða fjárfestingu. Þessi fjárhæð getur því numið 10 til 12 milljörðum króna.

**Heildarfjárfesting upplýsingatæknigreinarinnar er áætluð um 16 milljarðar kr. meðan verkefnið varir.**

Áætluð fjárfesting UT greinarinnar í milljónum kr.						
	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Fjárfesting vegna vaxtar	1.300	1.600	2.100	2.600	3.200	4.200
Fjárfesting "maður á móti manni"		120	240	360	240	120
<b>Samtals pr. ár (milljónir kr.)</b>	<b>1.300</b>	<b>1.720</b>	<b>2.340</b>	<b>2.960</b>	<b>3.440</b>	<b>4.320</b>

## Áætlun um tekjur og gjöld ríkisins vegna skatta:

Tekjuskattur greinarinnar vegna Þriðju stoðarinnar er fundinn með því að reikna 18% af áætluðum hagnaði á líftíma verkefnisins. Til frádráttar er reiknaður 33% auka skattafláttur vegna rannsóknar- og þróunarstarfssemi fyrirtækjanna samkvæmt tillögum í skattaverkefninu.

Áætlaðar skatttekjur ríkisins af starfsfólki er fundin út með þeim hætti að metnar eru viðbótarskatttekjur starfsfólks í greininni vegna verkefnisins. Þar er miðað við að starfsfólk í greininni hafi almennt heldur hærra laun en viðmiðunarstéttir. Ekki er hægt að taka tekjuskatta starfsfólksins í heild sinni þar sem ríkið hefði hvort eð er haft skatttekjur af viðkomandi starfsmönnum vegna vinnu á öðrum vettvangi.

**Í heild er áætlað að jákvætt fjárflæði hins opinbera gegnum skattkerfið sé um 5 milljarðar króna.**

Áætlun um skattatekjur ríkisins í milljónum kr.						
	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Tekjuskattur fyrirtækja	350	600	850	1.100	1.600	2.000
Viðbótar skatttekjur v/starfsmanna	150	120	140	160	180	210
<b>Skattaafsláttur vegna R&amp;D</b>	<b>116</b>	<b>198</b>	<b>281</b>	<b>363</b>	<b>528</b>	<b>660</b>
<b>Samtals pr. ár (milljónir kr.)</b>	<b>385</b>	<b>522</b>	<b>710</b>	<b>897</b>	<b>1.252</b>	<b>1.550</b>

## Langtímaávinningur Þriðju stoðarinnar

Í áætlunum hér að ofan er eingöngu horft til ársins 2010. Um verulegan skammtímaávinning virðist vera um að ræða, bæði fyrir hið opinbera og greinina. Líklega má telja að langtímaáhrifin verði mun meiri. Í fyrsta lagi munu tekjur hins opinbera af frekari uppbyggingu greinarinnar halda áfram að vaxa, mjög

sennilega umfram almennan vöxt atvinnulífsins. Í öðru lagi mun greinin styrkjast verulega og verða fjölbreyttari og arðbærari. Í þriðja lagi er þessi þróun líkleg til að styðja við framtíðarhagvöxt í landinu, bæði með uppbyggingu nýrra fyrirtækja og betri menntun og þekkingu á sviði upplýsingatækni.

### Áætlun um fjárfestingu ríkisins:

Heildar fjárfestingarkostnaður ríkisins vegna verkefna þriðju stoðarinnar sem lýst er í kafla um forsendur árangurs er áætlaður rúmir **2 milljarðar króna**.

Skiptingu þess kostnaðar má sjá í tölunni að neðan.

Verkefni:	Tímarammi verkefnis:	Útgjöld/Fjár- (milljónir kr.)
<b>1. Skattamál</b>		
Vsk málið	september 2005	
Gjaldfærsla rannsóknar- og þróunarkostnaðar og skattaafsláttur vegna R&D- og markaðskostnaðar erlendis	2006 - 2010	
<b>2. Aðgerðir í útflutningi</b>		
Forgangsroðun upplýsingatækni hjá stuðningsumhverfi	2006 - 2010	
Þróunarstyrkir nýttir fyrir upplýsingatækni	2006 - 2010	1000
Maður á móti manni við erlenda markaðssetningu	2006 - 2010	540
Lækkun fjarskiptakostnaðar til og frá Íslandi	2006 - 2010	150
<b>3. Samstarf um þróun og</b>		
Þróunarsetur háskóla, stjórnvalda, og UT fyrirtækja í upplýsingatækni	2007 - 2010	150
<b>4. Stefnumörkun og uppbygging innan ríkisins</b>		
Allar opinberar tölvudeildir verði lagðar niður og starfsemin boðin út eða samið beint við einkafyrirtæki á markaðnum	2007 - 2010	25
Notkun upplýsingatækni við lausn verkefna hjá opinberum aðilum verði sett í forgang	2006 - 2010	125
Afnám ásælni ríkisins í höfundarrétt og átak í einkaleyfamálum upplýsingatækni	2006 - 2010	50
<b>Samtals (milljónir kr.)</b>		<b>2.040</b>

Samkvæmt forsendum sem settar hafa verið fram í kaflanum hér að framan er heildar **skammtímaávinningur Þriðju stoðarinnar áætlaður um 3 milljarðar króna**. Langtímaávinningur er áætlaður mun meiri.

**Nettó skatttekjur** eru áætlaðar um **5 milljarðar króna** og **fjárfesting** vegna verkefna **um 2 milljarðar króna**.

## Verkefnisstjórnun

Tilboðið um þriðju stoðina er afhent iðnaðarráðherra á Iðnþingi 18. mars 2005. Stjórn Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja er reiðubúin að leggja fram frekari gögn vegna tilboðsins og ganga til viðræðna um nánari útfærslu þeirra verkefna sem tilgreind eru í tilboðinu. Stjórnin leggur áherslu á að farið verði yfir tilboð þetta sem fyrst og ákvarðanir teknar um næstu skref fyrir apríllok 2005. Stjórnin leggur til að sett verði á fót verkefnisstjórn og verkefnisstjóri ráðinn ef samningar nást um framkvæmd þriðju stoðarinnar. Gerð verði ítarleg framkvæmdaáætlun með skýrum markmiðum þar sem mælistikur verða skilgreindar til að árangur verði ávallt sýnilegur og brugðist við eftir því sem við á. Hér er lögð fram tillaga að framkvæmd þriðju stoðarinnar.

### Verkefnisstjórn þriðju stoðarinnar

Hlutverk verkefnisstjórnar er að útfæra framangreind verkefni nánar og fylgja framkvæmd þeirra eftir. Lagt er til að verkefnisstjórn verði skipuð þremur aðilum tilnefndum af stjórnvöldum annars vegar og hagsmunaraðilum hinsvegar. Fulltrúar í verkefnisstjórn þurfa að hafa fullt umboð til að taka nauðsynlegar ákvarðanir til að hrinda þessum verkefnum í framkvæmd og ákveða frávik og breytingar á tilboðinu.

### Verkefnisstjóri þriðju stoðarinnar

Hlutverk verkefnisstjóra þriðju stoðarinnar er að sjá um daglegan rekstur verkefnisins og halda utan um það. Hann mun sjá um nánari útfærslu verkefnisins í samráði við verkefnisstjórn og fylgja eftir verkliðum hjá mismunandi framkvæmdaraðilum, s.s. ráðuneytum, skattstjóra og Samtökum upplýsingatæknifyrirtækja. Verkefnisstjóri stýrir framgangi verkefnisins og kynnir verkefnisstjórn reglulega stöðu mismunandi verkþátta og hugsanleg frávik.

### Tímaáætlun og mælistikur

Þriðja stoðin er átaksverkefni sem varir út árið 2010. Mælistikur eru nauðsynlegar til að markmið verkefnisins náist.

### Verkefninu verður skipt í eftirfarandi áfanga:

#### 1. áfangi: Upphaf verkefnis – Lokið 1.9.2005

- Upphaf verkefnisins
- Skipan verkefnisstjórnar
- Endanleg gerð verkefnisáætlunar lokið og samþykkt af verkefnisstjórn

#### 2. áfangi: Fyrstu skrefin – Lokið 31.12.2005

- Frágangur VSK málsins.
- Tillögur um gjaldfærslu þróunarkostnaðar tilbúna
- Tillögur um þróunarsetur og aðgerðir til að ýta undir fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi tilbúna
- Enn frekari þrýstingur á ríkisstofnanir um að nýta upplýsingatækni til hagræðingar
- Stefnumörkun ríkisins komin til framkvæmda varðandi afnám krafna um að höfundarréttur sé í höndum ríkisins
- Skipulag aðgerða vegna einkaleyfisumsókna lokið

#### 3. áfangi: – Lokið 31.12.2006

- Forgangsröðun hjá stuðningsumhverfi – ráðnir verkefnisstjórar
- Breytingum á skattaumhverfi vegna gjaldfærslu rannsóknar-, þróunar og

- markaðskostnaðar lokið
- Þróunarsjóður kominn á laggirnar
- Maður á móti manni – fyrstu ráðningum lokið
- Fjarskiptakostnaður til og frá Íslandi hefur verið lækkaður
- Banni við uppbyggingu upplýsingatæknideilda ríkisstofnanna komið á

**4. áfangi: – Lokið 31.12.2007**

- Greiðslur úr þróunarsjóði
- Maður á móti manni – öðrum ráðningum lokið
- Fimm stærstu upplýsingatæknideildir hjá ríkisstofnunum lagðar niður og verkefnum þeirra úthýst

**5. áfangi: – Lokið 31.12.2008**

- Greiðslur úr þróunarsjóði
- Maður á móti manni – þriðja áfanga ráðninga lokið

**6. áfangi: – Lokið 31.12.2009**

- Greiðslur úr þróunarsjóði
- Öll þróun hugbúnaðarkerfa fyrir ríkið á sér stað hjá einkafyrirtækjum

**7. áfangi: – Lokið 31.12.2010**



- Greiðslur úr þróunarsjóði

Í lok hvers áfanga metur verkefnisstjórn framgang verkefnisins í samræmi við verkefnisáætlun og gerir nauðsynlegar ráðstafanir til tryggja framgang verkefnisins.

## Helstu verkþættir

Í meðfylgjandi verkflæðiriti má sjá helstu verkþætti í verkefninu ásamt tillögu að tímaramma. Nánari útfærsla er í höndum verkefnisstjóra og verkefnisstjórn.

Verkefnaáætlun						
	2005	2006	2007	2008	2009	2010
<b>0. Skipulag og stjórnun</b>						
Gangsetning Þriðju stoðarinnar						
Skipun verkefnisstjórnar						
Ráðning verkefnisstjóra						
Verkefnisáætlun Þriðju stoðarinnar samþykkt						
Mælistikur skilgreindar						
<b>1. Skattamál</b>						
Vsk málið						
Gjaldfærsla rannsóknar- og þróunarkostnaðar og skattaafsláttur vegna R&B- og markaðskostnaðar erlendis						
<b>2. Aðgerðir fyrir útflutning</b>						
Forgangsröðun upplýsingatækni hjá stuðningsumhverfi						
Þróunarstyrkir nýttir fyrir upplýsingatækni						
Maður á móti manni við erlenda markaðssetningu						
Lækkun fjarskiptakostnaðar til og frá Íslandi						
<b>3. Samstarf um þróun og fjárfestingu erlendra aðila</b>						
Þróunarsetur háskóla, stjórnvalda, og UT fyrirtækja í upplýsingatækni						
<b>4. Stefnumörkun og uppbygging innan ríkisins</b>						
Allar opinberar tölvudeildir verði lagðar niður og starfsemi þeirra færð til einkafyrirtækja						
Notkun upplýsingatækni við lausn verkefna hjá opinberum aðilum sett í forgang						
Afnám ásælni ríkisins í höfundarrétt og átak í einkaleyfamálum upplýsingatækni						

Ávarðanir teknar/verklök   
 Verkflæði 

## ***Undirskrift og bakhjarlar tilboðs***

Samtök upplýsingatæknifyrirtækja (SUT) starfa innan Samtaka iðnaðarins að hagsmunamálum upplýsingatæknifyrirtækja. Innan samtakanna eru um 30 helstu upplýsingatæknifyrirtæki landsins.

SUT kjósa sjö manna stjórn á aðalfundi sem haldinn er árlega. Stjórnin mótar helstu forgangsmál og verkefni sem unnið er að hverju sinni.

Stjórn SUT skrifar hér með undir tilboðið um þriðju stoðina sem hefur verið í mótun allt þetta starfsár. Liður í því verkefni var hugmynd að úttekt á hátækniíðnaði á Íslandi sem nú hefur orðið að veruleika og líta má á sem fylgigagn með tilboði þessu.

Samtök upplýsingatæknifyrirtækja vænta þess að yfirvöld taki áskoruninni af fullri alvöru og íhugi vandlega þau miklu tækifæri sem felast í tilboðinu.

*Reykjavík 18. mars 2005*

---

Ingvar Kristinsson, Landsteinum-Streng, formaður

---

Ólafur Daðason, Hugviti

---

Páll Freysteinnsson, Hug

---

Ágúst Guðmundsson, Tölvumiðlun

---

Guðni B. Guðnason, ANZA

---

Guðmar Guðmundsson, Tölvumyndum


---

Guðný Káradóttir, Gagarín

# Viðaukar


## Tölfræði greinarinnar:

Velta í hugbúnaðariðnaði




Heimild: Hagstofa Íslands

Störf í hugbúnaðariðnaði




Heimild: Hagstofa Íslands

Útflutningur hugbúnaðar og tölvupjónustu  
A meðalgengi 2003




Heimild: Seðlabanki Íslands

Hlutfall útflutnings af veltu í hugbúnaðariðnaði  
Á verðlagi 2002




Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands

Hlutfall helstu markaðssvæða



Heimild: Seðlabanki Íslands

Skipting útflutningstekna  
hugbúnaðariðnaðar



Heimild: Seðlabanki Íslands